

## AUGLÝSING

### **um breytingu á aðalskipulagi Selfoss 1995 - 2015, iðnaðarsvæði norðan Ölfusár á Selfossi.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júlí 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Selfoss 1995-2015 frá 4. september 1996.

Breytingin varðar landnotkun norðan Ölfusár, opin svæði óbyggð verða iðnaðarsvæði og opin svæði til sérstakra nota.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 9. júlí 2002.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

---

*Magnús Jóhannesson.*